


Málverk frá mótunarárum Kjarvals sýnd á Kjarvalsstöðum:

# Féll ekki í kramið á árunum 1924-25

Tímabilið 1895-1930 eru talin mótunarár Kjarvals og sýning með verkum frá þessum tíma opnar á Kjarvalsstöðum laugardaginn 16. sept. Sýnd verða verk sem hann vann í Reykjavík, London, Kaupmannahöfn, á Ítalíu og í Frakklandi og verður á sýningunni leitast við að endurspeglar þá breidd í myndmáli, stílbrigðum og verkefnavali sem einkenndi þetta skeið málans.

Í tengslum við sýninguna var gefin út sýningarskrá þar sem Ásmundur Helgason sagnfræðingur tók saman óvenju víðamikil æviágrip miðað við skrár af þessu tagi. Ásmundur sagði í samtali við Tímann, að hans verk hefði að mestu falist í að styrkja þá mynd sem þegar hefur verið dregin upp af Kjarval. Hins vegar hafi hann einnig skoðað ýmsa aðra þætti. „Hann hélt sýningar hér '24 og '25, sem ekki var vitað um áður, og hann fékk heldur slæma gagnrýni fyrir þær. Það gefur dálítið nýja mynd af hans ferli.“ En að sögn Ásmundar hafði Kjarval almennt fengið mjög góða dóma þegar hann sýndi hér á landi. „Ég rakti líka feril hans á skútum, en frá 1905-1911 var hann sjómaður á sumarvertíðum á skútum og veiddi þar á handfæri.“

Ásmundur skoðaði einnig til-



Svona taldi Jóhannes Sveinsson Kjarval sig líta út árið 1920. Verkið ber nafnið Sjálfsmynd.

drög þess að Jóhannes tók upp nafnið Kjarval. Elsta heimild fyrir því að Jóhannes (Sveinsson) notaði nafnið Kjarval var þegar hann skrifaði undir ráðningarsamning á skútu 28. febrúar 1910. „Þannig er að árið 1908 skrifaði Guðmundur Kamban rithöfundur merkilega grein um ættarnöfn í Skírni. Þar lagði hann til að Íslendingar legðu niður föðurnöfn, en tækju upp ættarnöfn af þjóðræknislegum ástæðum. Hann taldi að föðurnöfn gæfu til kynna að íslenskt samfélag væri óæðra. Hins vegar myndu ættarnöfn bera þess merki að íslenskt samfélag væri dannaðra og finna.“



Athygli og Þjóðráð undirrita samstarfssamning 11. september s.l. Sitjandi frá vinstri: Valþór Hlöðversson Athygli, Eiríkur Sigurðsson Þjóðráði, Ómar Valdimarsson Athygli og Svavar Kristinnsson Þjóðráði. Standandi frá vinstri: Hrönn Magnúsdóttir, Atli Rúnar Halldórsson og Guðjón Arngrímsson Athygli og Jón Óli Sigurðsson Þjóðráði.

Samstarfssamningur Athygli og Þjóðráðs:

## Öll fjármögnun og útgáfa í einum pakka

Fyrirtækin Athygli hf. og Þjóðráð hf. í Reykjavík hafa gert með sér samstarfssamning um alhliða útgáfu- og kynningarþjónustu fyrir félög, fyrirtæki og stofnanir. Þau eru hin umsvifamestu á landinu á sínum sviðum: Athygli í almannatengslum, útgáfu- og fjölmiðla-

þjónustu og Þjóðráð í að fjármagna útgáfu af ýmsu tagi.

Samningurinn opnar viðskiptavinum fyrirtækjanna tveggja leið til að semja um „útgáfuþjónustu í einu lagi“: fjármögnun/auglýsingasöfnun, textavinnslu, umbrot og prentun blada, rita og bæklinga. Mörg fyrirtæki, félög

og stofnanir búa ekki yfir nægilegri þekkingu og/eða reynslu til að sinna þessum þáttum starfsemi sinnar og geta þá nýtt sér krafta fyrirtækja sem sérhæfa sig í slíku.

Athygli og Þjóðráð búa að margra ára reynslu í útgáfuþjónustu og fjármögnun útgáfu og annars kynningarstarfs fyrir tugi félagasamtaka. Fyrirtækin unnu saman að nokkrum verkefnum á síðustu mánuðum og ákváðu í ljósi reynslunnar að semja formlega um samstarf um tiltekin verkefni. Þau munu eftir sem áður vinna sjálfstætt að öðrum verkefnum fyrir viðskiptavinum sína.

Hjá Athygli og Þjóðráði starfa samtals um 20 manns.

Indriði G. Þorsteinsson, rithöfundur og „fyrrum bílstjóri að norðan“, um nýjar reglur um hvíldartíma atvinnubílstjóra:

## Það ætti að vera nægur tími til að klóra sér

Aðstæður Íslendinga og Evrópubúa ekki sambærilegar

„Mér þykja þetta harðir kostir og ógerlegir. Það ætti að vera nógur tími til að klóra sér,“ sagði Indriði G. Þorsteinsson í gær þegar blaðið bar undir hann nýjar reglur um hvíldartíma atvinnubílstjóra, sbr. frétt Tímans í gær.

Þar segir m.a. að aksturstími ökumanna megi ekki vera lengri en 10 klst. á dag, en heimilt sé þó að lengja hann í 12 klst. tvisvar í viku. Heildaraksturstími á hálfum mánuði má ekki fara yfir 100 klst. og hlé þarf að taka sér frá akstri eftir 4,5 klst. Um þetta segir Indriði:

„Í Evrópu eru ekki þessi norðurhjarvandamál, þessi problem með veðurfarid. Það skortir á það í þessum EES-stöðlum að tekið sé tillit til sérstöðu Íslendinga. Það er ekkert sambærilegt með bílstjóra á Íslandi og kollega hans í Frans. Fransmaðurinn getur dúllað sér við sína vinnu, en hér vinnum við árstíðabundið.“

Indriði segir Íslendinga eins og börn hvað varðar Evrópu-staðlana. Það sé alls ekki hægt að heimfæra aðstæður Evrópubúa hér yfir á norðurhjar. Þetta



Indriði G. Þorsteinsson, bílstjóri af guðs náð, hér við sinn stolta stálfák af Impalagerð.

Tímamynd GE

bílstjóramál sanni það. „Við vinnum árstíðabundið, ekki dagbundið. Þess vegna viljum við vinna á sumrin jafnlengi og við mögulega getum, og liggja í leti á veturna. Evrópu-staðlar taka enga afstöðu til okkar

vandamála,“ segir Indriði.

Indriði G. Þorsteinsson hefur stundum kynnt sig sem „bílstjóra að norðan“ og vann hann m.a. sem vörubílstjóri og leigubílstjóri. Um það segir hann: „Bílstjórar voru eins og hluti af

vélinni og það var unnið út í eitt. Þetta var náttúrulega skepnuleg meðferð og við fórum illa með okkur. Eflaust mætti setja einhverjar reglur um þessi mál, en fyrr má nú vera.“

Sauðárkrókur:

## Réttlætiskennnd almennings misboðið

Í harðorðri ályktun stjórnar og trúnaðarmannaráðs Verkalýðsfélagsins Fram á Sauðárkróki er mótmælt tugþúsunda króna launahækkunum til ráðherra, þingmanna og embættismanna, svo ekki sé minnst á 40 þúsund króna skattfrjálsar greiðslur til þingmanna á mánuði. Félagið telur að þessir tveir úrskurðir séu til þess fallnir að misþjóa réttlætiskennnd almennings, svo tæpast verður við unad.

Í ályktun fundarins er þess m.a. krafist að ákvarðanir um kostnaðargreiðslur verði felldar úr gildi og alþingis- og embættismönnum verði úrskurðaðar 2700 krónur í launahækkun á mánuði. Minnt er á þá staðreynd að einn af hornsteinum í efnahagsstefnu síðustu ára hefur verið að viðhalda lágri verðbólgu og stöðugleika. Fundurinn bendir á að það var fyrir tilstilli almenns launafólks að þessi áform náðu fram að ganga. Meðal annars hefur verið samið um mjög litlar launahækkunir í undanföllum samningum og í núgildandi kjarasamningi var samið um 2700-3700 króna launahækkun frá sl. febrúar til áramóta á næsta ári.